

## Samantekt frá félagsfundi Fuglahundadeildar þann 4. júlí í Sólheimakoti kl. 21:00

Boðað var til fundarins á vefsíðu Fuglahundadeildar og jafnframt á facebook síðu deildarinnar.

### **Fundarefnið var prófafyrirkomulag FHD 2018.**

Á fundinum gafst meðlimum í FHD kostur á að koma á framfæri væntingum sínum varðandi veiðiprófadagskrá komandi árs. Fáir félagar í FHD eru mættir enda hásumar og veðrir afar gott.

Lagt var til að sækja um svipað fyrirkomulag prófa fyrir árið 2018 og og á s.l. ári og lögð fram drög að dagskrá. Fjölgað er meginlandshundaprófum frá fyrra ári.

Rætt var almennt um fyrirkomulag prófa, og hvort byrja ætti fyrir á árinu. Rætt var um skráningarfrest tíu dögum fyrir próf. Þ.e. að lokað sé fyrir skráningu á miðvikudegi fyrir próf.

Bendt er á óskir félaga í FHD að hafa keppnisflokk að hausti. Rætt er að í einhverjum tilfellum hafi það komið illa út að hafa próf rétt fyrir rjúpu. Jafnframt að próf hverja helgi hafi ekki komið vel út.

Rætt er próf fyrir norðan og að það byggi upp starfið og félagsskapinn að hafa próf úti á landi. Áhugi er á að halda Kaldaprófið fyrir norðan og fyrir sunnan og bent á kostnað ofl. sjónarmið í eru í báðar áttir og hluti félaga í FHD kys að hafa prófið fyrir sunnan.

Spurt er út í íslenskun á sænsku meginlandsprófa - reglunum. Svarað að ekki standi til að svo stöddu að gera íslenskar reglur, hins vegar til skoðunar að þýða sænsku reglurnar yfir á íslensku. Skipst var á skoðunum varðandi meginlandshundapróf.

Fundarmenn voru jákvæðir á tillögur FHD um prófafyrirkomulag.

Hulda Jónasdóttir tók saman.